

REGLUR

um breyting á reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun.

1. gr.

Í stað orðsins: „ökusíritar“ í 2. mgr. 1. gr. reglnanna komi orðið: ökuritar.

2. gr.

7. tölul. 2. gr. reglnanna orðist svo:

7. *Ökuriti*: Rafrænn búnaður í farartæki sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um ökumenn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eða aksturslag.

3. gr.

8. gr. reglnanna ásamt fyrirsögn orðist svo:

Sérákvæði um vöktun með ferðum manna.

Notkun ökurita eða rafræns staðsetningarbúnaðar í þeim tilgangi að fylgjast með ferðum einstaklinga er háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf til að ná lögmætum og málefnalegum tilgangi.

4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2002. Breytingar þessar taka þegar gildi.

Persónuvernd, 19. mars 2008.

Páll Hreinsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.